



Akureyrarbær

Bæjarlistamaður Akureyrar árið 2022

Góðir áheyrendur!

Gleðilegt sumar!

Sá listamaður sem valinn hefur verið bæjarlistamaður þetta árið, hefur verið virkur í menningartarfsemi hér á Akureyri til fjölda ára. Hann hefur m.a. starfað fyrir Leikfélag Akureyrar og tekið þátt í fjölmörgum verkefnum á vegum MAK, auk samstarfsverk-efna með norðlensku tónlistarfólki bæði á tónleikum og hljóðupptökum.

Síðustu árin hefur hann einnig séð um útsetningar, upptökur, hljóðblöndun og hljóð-færaleik á ýmsum hljómplötum ásamt því að taka þátt í fjölmörgum verkefnum tengdum kvikmyndatónlist. Hann hefur kennt á gítar við Tónlistarskólann á Akureyri frá árinu 1992.

Bæjarlistamaður Akureyrar árið 2022, er tónlistarmaðurinn Kristján Edelstein. Kristján fæddist í Freiburg í Þýskalandi þann 18. ágúst 1962 og hefur haft tónlist að aðalstarfi síðan árið 1981. Hann stundaði klassískt nám á gítar og píanó í Tónlistarskóla Reykjavíkur og síðar rafgítarnám við Berklee College of Music í Boston. Ungur varð Kristján landskunnur gítarleikari og starfaði með þekktum hljómsveitum, auk þess að leika inn á fjölda hljómplatna fyrir þjóðþekkta tónlistarmenn.

Kristján mun verja starfslaunatímabilinu í tónsmíðar, útsetningar, hljóðupptökur og flutning á eigin tónsmíðum. Hann mun kynna nýja tónsmíð á vefmiðlum í hverjum mánuði þar sem mynd og hljóðskrá verður varpað á netið og opnað fyrir gagnvirkar umsagnir og samræður. Að loknu starfsári verða þessar nýju tónsmíðar gefnar út á hljómplötu og útgáfutónleikar eru áformaðir í kjölfarið.

Að þessu sinni sóttu níu um listamannalaun, sex karlmenn og þrjár konur. Í faghópnum sátu auk mín, Hólmkels Hreinssonar, Margrét Jónsdóttir og Petrea Óskarsdóttir. Við val á bæjar-listamanni, horfðum við fyrst og fremst til þeirra verkefna sem listamaðurinn ætlar að sinna, og auðga þar með menningarlíf bæjarins og eins þess að hann búi og starfi hér á Akureyri.

Kristján Edelstein hefur gefið okkur svo margt og verið öðrum góð fyrirmynd.

Að endingu viljum við í faghópnum óska Kristjáni til hamingju og Akureyringum með nýjan bæjarlistamann.